

# FERILSKRÁ

## Starfsreynsla

### Háskólinn á Bifröst, Bifröst, Borgarfirði

Fullt starf frá ágúst 2018: Verkefnastjóri nemendaskrár og umsókna

Ég starfa sem verkefnastjóri nemendaskrár og umsókna á kennslusviði Háskólans á Bifröst. Þar held ég utan um ýmis störf sem aðallega snúa að þjónustu við nemendur. Þar má t.d. nefna umsjón með skráningu í námskeið, yfirfara ferla nemenda og ráðleggja nemendum varðandi námskeiðaval, ég sé um útskriftir, misserisverkefni og yfirfer allar umsóknir sem berast skólanum. Ég gegni stöðu jafnréttisfulltrúa starfsmanna í jafnréttisnefnd skólans sem og öryggisfulltrúa skólans og tek að mér önnur tilfallandi verkefni eftir þörfum.

### Háskólinn á Bifröst, Bifröst, Borgarfirði

Fullt starf frá mars 2017: Þjónustustjóri

Ég starfaði sem þjónustustjóri við Háskólann á Bifröst þar sem megin verkefni mín voru að þjónusta nemendur og starfsmenn skólans, m.a. við útgáfu vottorða og staðfestinga, símsvörun og fleiri tilfallandi verkefni. Einnig sjá ég um prófaframkvæmd sem fer fram hér á Bifröst og kom að skipulagninu og umsjón útskrifta og annarra viðburða við skólann.

### Íslandsbanki, Reykjavík og Akureyri

Fullt starf frá 2003-2007: Gjaldkeri í útibúi bankans í Kringlunni

Sumarafleysing 2011-2013 og 2015: Gjaldkeri í útibúi bankans á Akureyri

Verkefni mín sem gjaldkeri fólust í því að afgreiða viðskiptavinum bankans, t.d. innlagnir og úttektir, millifærslur, greiðslu reikninga o.s.frv. Einnig fólst í starfinu að selja vörur bankans til viðskiptavina. Þegar ég starfaði í Kringluútibúi þar ég ábyrgð á hraðbanka útibúsins og sá um að stemma hann af, fylla á hann, uppfæra og fleira sem tengist hraðbönkum. Um helgar þar ég ábyrgð á stóra sjóði útibúsins og öðrum gjaldkerum sem unnu um helgar. Um tíma vann ég einnig í simasöluveru bankans á kvöldin. Þegar ég vann við sumarafleysingar á Akureyri leysti ég einnig af í afgreiðslu útibúsins þar sem að ég svaraði í síma, bókaði fundi og samtöl við útibússtjóra, aðstoðaði viðskiptavinum varðandi bankahólf og sá um að útibúið væri snyrtilegt.

### Annað:

Snyrtifræðingur, afgreiðsla og þjónusta í verslunum, ræstingar

# Menntun

---

## **Háskólinn á Bifröst**

**2013-2015**

B.Sc. í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti, fjarnám. Útskrift 13. febrúar 2016

## **Snyrtiskólinn í Kópavogi**

**2007-2008**

Snyrtifræði

## **Menntaskólinn í Kópavogi**

**2004-2006**

Viðskipta- og fjármálagreinanám fyrir starfsfólk fjármálafyrirtækja.

# Námskeið

---

## **2004 Dale Carnegie – Sala er þjónusta**

Námskeið sniðið fyrir starfsmenn Íslandsbanka til að styrkja þá í sölu og þjónustu til viðskiptavina.

# Tungumálakunnátta

---

Íslenska – móðurmál

Enska – tala, les og skrifa mjög vel

Danska – tala les og skrifa mjög vel

# Tölvukunnátta

---

Office pakkinn – mjög góð kunnátta á Word, Excel, Outlook og Power Point.

Ugla – nemendaskráarkerfi Háskólans á Bifröst, Canvas – kennslukerfi skólans og ONE skjalavarsla ásamt hinum ýmsu forritum sem notast er við í bankastarfinu eins og Reiknistofa bankanna og fleira. Er mjög fljót að læra og tileinka mér notkun á hinum ýmsu kerfum.